

Minnisblað

Dagsetning: 15. desember 2022
Viðtakandi: Sveinn Kári Valdimarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – fuglar; varpárangur flórigoða á Ástjörn og mófuglar, vatnafuglar, vaðfuglar á fartíma og kríuvörp á Melrakkaslétu.

Sumarið 2022 fylgdi Náttúrustofan eftir einu fuglaverkefni í Jökulsárgljúfrum innan verkefnisins *Vöktun náttúruverndarsvæða* og var það framhald verkefnis sem hófst sumarið 2020 og lýtur að varpárangri flórigoða á Ástjörn í Jökulsárgljúfrum. Varpárangurinn var kannaður sumarið 2022 með notkun eftirlitsmyndavéla líkt og árin 2020 og 2021 og var þetta síðasta sumarið sem verkefnið var framkvæmt með þessum hætti. Vatnafuglar, þ.m.t. flórigoðar verða áfram taldir á Ástjörn sem hluti af fuglavöktun í Þingeyjarsýslum, annars vegar í vortalningum og hinsvegar í ungatalningum síðsumars. Markmið verkefnisins var að athuga varpárangur flórigoða við Ástjörn og bera saman árangur flórigoða sem verpa við norðurenda tjarnarinnar, þar sem er meiri umferð fólks á göngustíg og í kringum sumarþúðir, við árangur flórigoða sem verpa utan þess svæðis þar sem umferðar gætir. Um Ástjörn má lesa nánar í minnisblöðum árána 2020 og 2021.

Í sumar hóf Náttúrustofan einnig vöktun á vatnafuglum, vaðfuglum á fartíma og kríuvörpum á Melrakkaslétu ásamt því að mófuglatalningar voru endurteknar á tveimur eldri IPA sniðum á svæðinu (1. mynd).

Minnisblað þetta greinir frá frumniðurstöðum vöktunar á varpárangri flórigoða á Ástjörn sumarið 2022 og framkvæmd annarra fuglaverkefna sumarið 2022.

Framkvæmd 2022

Ástjörn

Ástjörn var heimsótt tíu sinnum sumarið 2022 (1. tafla). Í átta heimsóknum voru flórigoðar taldir og aldursgreindir í fullorðna fugla og unga frá sumrinu. Í sjö heimsóknum var dreifing hreiðra kortlögð en þá var farið á bát meðfram bökkum tjarnarinnar og hreiður hnitsett með GPS tæki. Samhliða var hreiðurfesta skráð og fjöldi eggja. Pallar eða ófullgerð hreiður voru einnig skráð. Niðurstöður kortlagningar hreiðra voru settar inn í landupplýsingakerfið Qgis.

Eftirlitsmyndavélar voru settar við flest hreiður eða 15 talsins og þær festar á nærliggjandi trjágreinir eða staur. Myndavélarnar voru stilltar þannig að þær tóku myndir á 5 mínútna fresti. Vélarnar voru tengdar farsímakerfi og sendu myndir í SMS einu sinni á sólarhring, auk þess sem þær áttu að geta fengið skipun um SMS sendingu til að kanna stöðu þeirra. Nokkrir hnökrar voru á myndavélunum sumarið 2022. Ein vélin tók aldrei myndir, önnur hætti að taka myndir fljótlega eftir uppsetningu án þess að batterí hefði tæmst og hjá einni myndavélinni fengu margar myndir skrítna liti sem gerði greiningu erfiða. Batterí tæmdust oft milli vettvangsferða og var því ekki hægt að fylgjast nákvæmlega með örlögum allra hreiðra. Notast var við 10 myndavélar en þær fóru aldrei allar upp í einu.

1. tafla. Yfirlit yfir vettvangsathuganir NNA á flórgoðavarpri á Ástjörn í Jökulsárgljúfrum 2022.

Dagsetning	Starfsmenn	Talning	Kortlagning hreiðra	Myndavélar	Verklýsing
24.05.2022	AÖS, SSJ	x			Vortalning frá suðurenda
03.06.2022	AÖS, SSJ	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Myndavélar settar upp við tvö hreiður. Talið frá NA horni tjarnar í lok ferðar.
13.06.2022	AÖS, SSJ	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Myndavélar settar upp við þrjú hreiður og teknar niður við tvö. Talið af bát við lok ferðar.
21.06.2022	AÖS, VFA	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Myndavélar settar upp við fimm hreiður og teknar niður við þrjú. Talið af bát við lok ferðar.
11.07.2022	PLP, YK	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Myndavélar settar upp við fimm hreiður og teknar niður við fjögur. Eitt hreiður frá 21. júní fannst ekki. Talið af bát.
29.07.2022	PLP, VFA		x	x	Róið hring um tjörnina. Myndavélar sett upp við eitt hreiður og teknar niður við tvö. Skipt um batterí á fjórum vélum.
06.08.2022	PLP	x			Ungatalning
16.08.2022	YK, VFA	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Skipt um myndavél á tveimur stöðum og þrjár teknar niður. Talið af bát
29.08.2022	AÖS	x	x	x	Róið hring um tjörnina. Skipt um myndavél á einum stað og önnur tekin niður.
12.09.2022	AÖS, SSJ			x	Síðasta myndavélin tekin

Melrakkaslétta

Mófuglar

Talið var á tveimur IPA mófuglasniðum á Melrakkasléttu, NA07-03 og NA08-05 (1. mynd). Það fyrra var talið 9. júní og hið síðara 13. júní. Pedro Rodrigues sá um báðar talningarnar sem voru gerðar með sömu aðferðafræði og hefðbundnar mófuglatalningar.

Vatnafuglar


Vatnafuglar voru taldir tvisvar sinnum. Vortalningar fóru fram 2. – 3. júní og sá Yann Kolbeinsson um þá talningu. Talning á fellitíma (ungatalning) fór fram 5. og 8. ágúst og sá Pedro Rodrigues um þá talningu. Talið var á 14 svæðum en innan hvers svæðis gátu verið nokkur vötn og tjarnir. Í seinni talningunni var talið á nokkrum vötnum til viðbótar (1. mynd og 2. tafla).

Vaðfuglar á fartíma

Vaðfuglar á fartíma voru taldir á 6 svæðum á Melrakkasléttu, alls 10 sinnum með 3 daga millibili á tímabilinu 11. maí – 7. júní. Svæðin ná frá Raufarhöfn og rétt vestur fyrir Hraunhafnartanga (1. mynd og 3. tafla). Yann Kolbeinsson sá um fyrstu talningu en Pedro Rodrigues sá um aðrar talningar.

Kríuvörp

Kríuvörp á Melrakkasléttu voru kortlögð dagana 14. og 19. júní á svæðinu frá Núpskötlu til Raufarhafnar. Vörpin voru afmörkuð á loftmynd, annað hvort á staðnum eða eftir lýsingu kunnugra aðila. Ekki náðist að fara aftur til að klára afmörkun varpanna og gera nánari úttekt (þéttleikamælingar) vegna veðurs, úrkomu og kulda sem einkenndu veðurfar á Norðausturlandi sumarið 2022. Á svæðinu voru afmörkuð 26 kríuvörp (1. mynd).



1. mynd. Vöktun náttúruverndarsvæða, fuglavöktunarsvæði á Melrakkasléttu 2022.

2. tafla. Svæði og einstök vötn í talningum vatnafugla á Melrakkasléttu 2022.

Svæði	Vötn í vortalningu 2. – 3. júní 2022	Vötn í ungatalningu 5. og 8. ágúst 2022
Núpasveit	Núpsvatn, Presthólalón, Brekkutjörn, Snartastaðalækur	Núpsvatn, Presthólalón, Brekkutjörn, Snartastaðalækur, Klapparós
Kópasker	Kotatjörn, Klifatjörn	Kotatjörn, Klifatjörn
Leirhöfn	Leirhafnarvatn, Skálatjörn, Seltjarnir, Kollstjarnir	Leirhafnarvatn, Skálatjörn, Seltjarnir, Kollstjarnir
Grjótnesvegur	Hrauntjarnir, Hávarðsvatn, Kílnestjarnir, Vogstjörn, Búrtjörn, Stekkhæðartjörn, Englandstjörn	Hrauntjarnir, Hávarðsvatn, Kílnestjarnir, Vogstjörn, Búrtjörn, Stekkhæðartjörn, Englandstjörn, Brunavatn, Kriutjarnir
Kötluvatn	Kötluvatn	Kötluvatn
Oddsstaðir	Skerjalón, Langatjörn, Örfarartjörn, Suðurvatt	Skerjalón, Langatjörn, Örfarartjörn, Suðurvatt, Fremravatt
Sigurðarstaðavatn	Sigurðarstaðavatn	Sigurðarstaðavatn
Blikalón	Blikalón, Brúsatjörn	Blikalón, Brúsatjörn
Rif		Arnarvatn, Efra-Stangarvatn
Skinnalón	Illkelduvatn, Hestvatn, Æðarvötn, Ólafsvatn, Skinnalón	Illkelduvatn, Hestvatn, Æðarvötn, Ólafsvatn, Skinnalón, Hörgur
Hraunhafnartangi	Hraunhafnarvatn, Kaplatjörn	Hraunhafnarvatn, Kaplatjörn
Harðbakur	Harðbaksvatn	Harðbaksvatn
Ásmundarstaðir	Hringalón, Ásmundarstaðavatn, Ásmundarstaðaey, Eggversvatn	Hringalón, Ásmundarstaðavatn, Ásmundarstaðaey, Eggversvatn
Raufarhöfn	Kottjörn	Kottjörn

3. tafla. Svæði og dagsetningar í talningum vaðfugla á fartíma á Melrakkasléttu 2022

Svæði	Dagsetningar
Hestatóftavík, Harðbaksvík, Ásmundarstaðavík, Neslón, Gegnisvík, Raufarhöfn	11, 14, 17, 20, 23, 26 og 29. maí 1, 4 og 7. júní.

Úrvinnsla og frumniðurstöður

Ástjörn

Úrvinnslu gagna tengdum flórgoðum á Ástjörn árið 2022 er að mestu lokið. Búið er að fara í gegnum myndir úr myndavélum, greina varpárangur og setja þau gögn ásamt staðsetningu hreiðra inn í landupplýsingakerfi (Qgis) (2. mynd). Helstu niðurstöður sem þegar liggja fyrir eru þessar:

- Mest sáust 30 flórgoðar á Ástjörn í vortalningu og var hámarksfjöldi þara því áætlaður 15.
- Alls voru skráð 18 hreiður með eggjum, myndavélar voru settar upp við 15 þeirra. Sum þör hafa því gert fleiri en eina varptilraun. Hreiðrin dreifðust nokkuð jafnt um tjörnina en SV hornið var þó þéttsetnara líkt og tvö síðustu ár (2. mynd). Því miður glötuðust GPS hnit 4 hreiðra, þar af 1 með myndavél. Ekki er talið að ungar hafi komist upp í þessum 4 hreiðrum. Pallar eða hreiðurdýngjur án eggja voru ekki skráð sem hreiður og aðeins voru helstu pallar hnitsettir, alls 4 pallar.
- Varp heppnaðist í þremur hreiðrum af þeim sem voru vöktuð og sáust a.m.k. 4 ungar komast úr hreiðri. Síðasta talning sumarsins gaf 2 unga sem er talin ungaframleiðsla Ástjarnar sumarið 2022.
- Varp misfórst í átta vöktuðum hreiðrum, í sex vegna öldugangs og tveimur vegna afráns minks.
- Aðeins var eitt hreiður nálægt göngustíg og sumarbúðum en það var í tjarnarstör við útfall Ástjarnar. Þar reyndi flórgoðaparið varp tvisvar sinnum en minkur át eggin í bæði skiptin. Ekki




er því hægt að draga ályktanir af áhrif umferðar á varpárangur flórigoða við Ástjörn sumarið 2022.

Gert er ráð fyrir að setja niðurstöður úr vöktun flórigoðahreiddra á Ástjörn árin 2020 – 2022 inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Gera þarf smávægilegar breytingar á grunninum svo hægt sé að færa inn GPS hnit einstakra hreiðra. Einnig er gert ráð fyrir að á árinu 2023 verði tekin saman lokaskýrsla um verkefnið (2020 – 2022), framkvæmd þess og niðurstöður.

Melrakkaslétta

Niðurstöður úr talningum mófugla, vatnafugla og vaðfugla á fartíma hafa verið settar inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Staðsetning kríuvarpa var einnig sett inn í gagnagrunninn en þar fékk hvert varp númer (MS01....MS26) sem verður hægt að styðjast við síðar þegar gerð verður nánari úttekt á vörpunum. Staðsetning talningasvæða og afmörkun kríuvarpa hefur verið sett inn í landupplýsingakerfið Qgis.



2.mynd. Flórigoðahreiður á Ástjörn í Jökulsárgljúfrum sumarið 2022 og afdrif þeirra. Vaktað hreiður vísar til hreiðurs með eftirlitsmyndavél. GPS hnit glötuðust á einu vaktaða hreiðrinu en varp í því misfórst. Þrjú hreiður með einu eggi hvert voru ekki vöktuð með myndavél en hnit þeirra glötuðust. Þau fundust ekki við seinni vettvangsathuganir og því talið að varp hafi misfarist þar.